

FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

FEBRÚAR 2015

Í ÞESSU
FRÉTTABRÉFI:

FYRSTI MORGUNVERÐARFUNDUR VETRARINS

FYRSTI MORGUN- VERÐARFUNDUR VETRARINS 1

Fyrsti morgunverðarfundur vetrarins var haldinn á Grand hótél Reykjavík þann 26. nóvember síðastliðinn.

Að þessu sinni voru tölvuöryggismál rifjuð upp þar sem þau eru orðin mjög viðamikill þáttur í rekstri fyrirtækja og stofnana.

Efni fundarins var: "Reynslan af innbroti og gagnastuldi á heimasíðu Vodafone - netöryggismál af sjónarhóli tölvuhakkarans". Tveir sérfræðingar fjölluðu um efnið, hvor með sína nálgun.

HAUSTRÁÐSTEFNA FIE 2014 2

PISTILL STJÓRNAR 3

FÉLAGSMENN MED NÝFENGNA CIA - GRÁÐU 4

ANNAR MORGUN- VERÐARFUNDUR VETRARINS 5



Kjartan Briem framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone fór yfir tölvuinnbrotið sem gert var hjá fyrirtækinu á dögunum, hvað þau hafa lært af því og hvernig þau hafa brugðist við.

Kjartan hefur verið framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone frá því í nóvember 2009 og hefur gegnt stjórnendastöðum á sviðinu síðan árið 2000. Kjartan hefur haldið nokkur erindi um innbrotið sem hafa verið vel sótt og þótt áhugaverð. Í erindinu kom Kjartan inn á hvað netöryggi skiptir gríðarlegu máli og í því sambandi ferlið forvarnir gegn innbrotum og ferlið sem fer af stað í kjölfar innbrota.

Í framhaldinu tók Theódór Gíslason til máls en hann er einn af helstu sérfræðingum landsins í tölvuöryggismálum og hefur mikla þekkingu á árásaprófunum, öryggisveikleikum og þróun öryggismála. Theódór starfaði sem ráðgjafi í tölvuöryggismálum hjá TERIS, Capacent og KPMG-ráðgjöf, en í dag er hann einn af eigendum upplýsingaöryggis-fyrirtækisins Syndis. Hann sinnir ráðgjöf í upplýsingaöryggi fyrir mörg íslensk og erlend fyrirtæki auk þess að sinna stundakennslu á sínu sérsviði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Á fundinum ræddi hann á mannamáli helstu aðferðir tölvuglæpamanna, hvernig þeir verða sífellt færari og hvaða grundvallarreglum þarf að fylgja til að minnka líkur á tölvuinnbrotum.

NORDIC LIGHT AUDIT EXECUTIVE SEMINAR 2015



Dagana 11. – 12. Júní næstkomandi verður hleypt af stokkunum nánara samstarfi IIA-deilda á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum. IIA deild Svíþjóðar er stoltur gestgjafi þessarar fyrstu ráðstefnu og hlakkar til að taka á móti þér í Johannesberg's kastalanum í Stokkhólmi.

Nánari upplýsingar má finna undir vefslóðinni:

<http://www.iianordiclight.org/>

NORDIC LIGHT
AUDIT EXECUTIVE
SEMINAR 2015

HAUSTRÁÐSTEFNA FIE 2014

Haustráðstefna Félags um innri endurskoðun var haldin á Hótel Sögu dagana 9.-10. október síðastliðinn. Að þessu sinni fékk félagið til liðs við sig fyrirlesara frá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda, IIA, með námskeiðið „Financial Auditing for Internal Auditors“ sem má þýða á íslensku sem „Fjárhagsendurskoðun fyrir innri endurskoðendur“. Fyrirlesarinn heitir Hal Manasa, CIA, CPA og CFE. Hann er með BA gráðu í bókhaldi frá háskóla í Vestur Flórída og með MA gráðu í hagfræði frá háskólanum í Oklahoma. Hal starfar nú sem dósent við Winthrop University in Rock Hill í Suður-Karólínu. Hann hefur kennt námskeið á háskólastigi í bókhaldi, endurskoðun, fjármálum og nýsköpun í þremur háskólum alls.

Á námskeiðinu fjallaði Hal um mikilvæg atriði við fjárhagsendurskoðun fyrirtækja. Þar á meðal tilhneigingu sumra stjórnenda til að fegra bókhaldið með því að fresta gjaldfærslum með eignfærslum og flýta tekjufærslum. Farið var yfir helstu reikningsskilaaðferðir svo sem hvenær ber að innleysa tekjur og gjaldfæra gjöld. Á námskeiðinu var farið yfir greiningar á ársreikningum milli tímabila og innan reiknings með kennitölum og skoðunum á hlutföllum í rekstri. Þá var farið yfir sviksemismál og helstu aðferðir við að hagræða í bókhaldinu. Að lokum var fjallað um reikningsskil og upplýsingatækni. Þar á meðal áhættu í notkun excelskjala. Á námskeiðinu voru mörg hópverkefni þar sem ákveðin álitamál á sviði fjárhagsendurskoðunar voru leyst. Eftir að námskeiðinu lauk fengu allir þátttakendur senda þátttökukönnun vegna námskeiðsins. FIE hefur ekki gert formlega könnun á því hvernig haustráðstefnan og námskeiðið mæltist fyrir en það er von fræðslunefndar að vel hafi tekist til. Góð þátttaka var á haustráðstefnunni og mættu 23 félagsmenn og 2 utanfélagsmenn, alls 25 manns. Undanfarin ár hefur með haustráðstefnu FIE verið boðið upp á vönduð námskeið sem höfða til sem flestra félagsmanna. Eitt af markmiðum fræðslunefndar hefur

verið að námskeiðunum stýri hæfir og reyndir erlendir fyrirlesarar. Ekki er gert ráð fyrir neinum hagnaði af haustráðstefnunni að þessu sinni. Er það von fræðslunefndar að það takist að bjóða upp á gott og áhugavert námskeið á haustráðstefnu félagsins að ári.



PISTILL STJÓRNAR

Kæru félagsmenn, nú er enn eitt árið runnið upp og daginn tekið að lengja á nýjan leik. Nýju ári fylgja gjarnan ný tækifæri og jafnvel slæðist eitthvað með í farteskinu af gömlum og gildum hugmyndum sem nýta má til góðra verka. Starfsemi Félags um innri endurskoðun hefur skapað sér ákveðinn sess og að einhverju leyti myndast ákveðin hefð varðandi félagsstarfið, en engu að síður er hollt að staldra við annað slagið. Velta fyrir sér hvað hefur tekist vel og hvað má betur fara, hvaða ógnir steðja að og ekki síst hvaða tækifæri eru framundan.

Stjórn félagsins boðaði í þessu skyni til stefnumótunarfundar í síðastliðnum mánuði, þar sem saman voru komnir nokkrir félagsmenn til að velja vöngum yfir áherslum í starfinu. Fundurinn var ætlaður sem innlegg í vinnu stjórnar við endurskoðun stefnumótunar félagsins. Margar ágætar ábendingar og hugmyndir komu fram, en frekari úrvinnsla þeirra tekur nú við. Alþjóðasamtök innri endurskoðenda hafa nýlega lokið við endurskoðun sinnar stefnu og er eðlilegt að einnig verði tekið tillit til hennar eftir því sem við á við stefnumörkun félagsins. Enn er tækifæri fyrir félagsmenn að senda stjórn hugmyndir inn í stefnumótunarvinnuna, en stjórn mun að öllum líkindum staðfesta hana í marsmánuði.

Í umræðum um útbreiðslu faggreinar innri endurskoðunar hefur margt komið til umræðu. Nokkrar vonir hafa verið bundnar við afgreiðslu frumvarps til laga um opinber fjármál, sem að óbreyttu mun styrkja stöðu innri endurskoðunar hjá hinu opinbera. Unnið hefur verið að stofnun faghópa innan félagsins og fyrsti hópurinn hefur nú verið settur á laggirnar. Þessum hópi er ætlað að vera vettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun hjá hinu opinbera og innan félaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Fleiri faghópar eru í burðarliðnum og er reiknað með að faghópar tengdir innri endurskoðun í fjármálafyrirtækjum og upplýsingaöryggi hefji göngu sína á næstunni.

Einnig er horft til þess að útbreiðsla innri endurskoðunar hefur ekki verið viðtæk hjá einkareknum fyrirtækjum á Íslandi ef litið er framhjá þeim fyrirtækjum sem ber sérstök skylda til að starfrækja slíkar deildir. Hér er því um að ræða tækifæri til að sýna þessum fyrirtækjum fram á gildi þess að nýta sér innri endurskoðun til að bæta áhættustýringu, eftirlitsumhverfi sitt og stjórnarhætti. Þeir sem starfa við innri endurskoðun þurfa á sama tíma að sýna fagmennsku í verki og er mikilvægt að horfa til alþjóðlegra staðla um innri endurskoðun og siðareglna alþjóðasamtaka innri endurskoðenda sem grunn í því sambandi. Aukin útbreiðsla innri endurskoðunar skapar aukin atvinnutækifæri á þessu sviði, en kallar jafnframt á að til staðar sé hæft fólk með næga þekkingu og reynslu til að sinna þeim störfum. Hér vaknar því enn á ný hin sígilda spurning: Hvað kemur á undan, hænan eða eggjó?

Mikilvægt er að Félag um innri endurskoðun geti séð félagsmönnum fyrir sem bestu framboði af fræðslu við hæfi sem flestra félagsmanna, auk þess að bjóða fagvottuðum einstaklingum fullnægjandi framboð af endurmenntunareiningum. Lögð er áhersla á að auka framboð endurmenntunareininga sem félagið býður uppá ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðra fagaðila. Framundan eru spennandi viðburðir, sem félagsmenn ná vonandi að nýta sér sem best. Má þar nefna morgunverðarfundir á vegum fræðslunefndar, Innri endurskoðunardaginn í marsmánuði og væntanlega heimsókn formanns alþjóðasamtaka innri endurskoðenda í júní. Systurfélag FIE í Svíþjóð hefur boðað til málþings í júní í samstarfi við félögin á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Heppnist málþingið vel má búast við því að það verði reglulegur viðburður sem félögin skiptist á að skipuleggja og halda.

Að lokum hvetur stjórn Félags um innri endurskoðun alla félagsmenn til virkrar þátttöku í starfi félagsins.

Stjórn FIE:



formaður:
Ágúst Hrafnkelsson



gjaldkeri:
Hrefna Gunnarsdóttir



ritari:
Sif Einarsdóttir



meðstjórnandi:
Kristín Kalmansdóttir



meðstjórnandi:
Guðjón Viðar
Valdimarsson

FÉLAGSMENN MEÐ NÝFENGNA CIA-GRÁÐU

Eitt af markmiðum okkar í Félagi um innri endurskoðun er fjölgun félaga með svokallað vottun eða með öðrum orðum faggildingu í innri endurskoðun. Brautina ruddi Nanna Huld Aradóttir sem starfar sem innri endurskoðandi Seðlabanka Íslands og strax á hæla hennar kom Ágúst Hrafnkelsson innri endurskoðandi Íslandsbanka. Síðan hafa liðið mörg ár og jafnt og þétt hefur hópurinn stækkað. Mesta frjósemin virðist hafa verið á árunum 2006 og 2007 þegar sex félagar okkar fengu vottun þrjú hvort ár um sig. Eitthvað virðist hið „svokallaða hrun“ hafa dregið úr nýliðun í hópnum en enginn nýr CIA leit dagsins ljós á árunum 2010 og 2011 enda títtætt um það á þeim árum að hrunið hafi verið endurskoðendum að kenna.



Það er okkur því mikil ánægja að greina frá því að einn af okkar stofnfélögum Auðbjörg Friðgeirsdóttir lauk CIA gráðunni í ágúst sl. Auðbjörg Friðgeirsdóttir hefur í hartnær aldarfjórðung starfað við málefni tengd innri endurskoðun, áhættueftirliti, innra eftirliti og unnið að verkefnum á sviði góðra stjórnarháttá. Auðbjörg er fædd og uppalin á Hellissandi og byrjaði hún sem barn að aldri að vinna í fiski og tengdum greinum. Hún á ættir að rekja til Hausthúsa í Eyja- og Miklaholtshreppi og dvaldi þar jafnan í æsku við mokstur á flór og sem kúasmali. Hún hleypti heimdraganum til náms nokkru fyrir myntbreytingu og nam fyrst við Fjölbautaskólann í Breiðholti og naut síðan háskólamenntunar í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands. Í lok síðustu aldar lauk Auðbjörg prófi til löggildingar í verðbréfamiðlun. Hún er jafnframt með MBA próf frá háskólanum í Liverpool frá 2010. Auðbjörg starfar í dag hjá endurskoðunarfyrtækinni PwC og er hún 17 faggilti innri endurskoðandinn á Íslandi.



Og ekki minnkar ánægjan við að greina frá því að Kristín Baldursdóttir lauk CIA gráðunni 23. janúar síðastliðinn. Kristín er innri endurskoðandi Landsbankans og er hún 18. faggilti innri endurskoðandi á Íslandi. Kristín útskrifaðist frá þjóðhagskjarna við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands árið 1989 og lauk meistaranámi í verkefnastjórnun frá verkfræðideild Háskóla Íslands vorið 2008. Þá hefur Kristín lokið prófi í verðbréfiðskiptum. Frá 1989 - 2007 starfaði hún hjá Íslandsbanka m.a. í lánaeftirliti, sem forstöðumaður rekstrardeildar og verkefnastjóri gæðamála. Kristín sat í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins frá 2000 - 2007 og hefur setið í stjórn Stjórnvísindastofu um verkfræði við Háskóla Íslands frá árinu 2009. Kristín tók við starfi innri endurskoðanda Landsbankans í febrúar 2009.

ANNAR MORGUNVERÐARFUNDUR VETRARINS

Þriðjudaginn 10. febrúar síðastliðinn var umfjöllunarefni morgunverðarfundarins rafeyririnn Bitcoin. Flestir hafa eflaust heyrt Bitcoin nefnt á nafn en færri vita hvað það er. Mikill áhugi reyndist vera á efninu og komust færri að en vildu á þennan morgunverðarfund. Fræðslunefndin fékk Sveinn Valfells, eðlis- og hagfræðing og Jón Helga Egilsson, verk- og hagfræðing til að fjalla um málefnið. Sveinn Valfells hefur m.a. verið starfsmaður, stofnandi, ráðgjafi eða fjárfestir í sprotafyrirtækjum og sjóðum. Viðtöl og tilvitnanir í Svein hafa m.a. birst í Coindesk, the Guardian o.fl. Jón Helgi hefur stofnað, stýrt og fjárfest í sprotafyrirtækjum og er starfandi formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands og hefur ritað fjölda greina um efnahagsmál. Báðir hafa kynnt sér Bitcoin vel og gátu því á einfaldan og skemmtilegan hátt gefið góða mynd af fyrirbærinu.

Eins og kom fram í máli fyrirlesaranna þá er Bitcoin svokallaður rafeyrir sem gerir fólki kleift að eiga bein viðskipti sín á milli án nokkurra milliliða sem þýðir jafnframt að engir milliliðir taka þóknanir fyrir millifærslur á peningum. Fyrsta Bitcoiníð sá dagsins ljós 2009 og er talið að maður að nafni Satoshi Nakamoto eigi heiðurinn af tilurð þess. Einu Bitcoiní er síðan skipt niður í 100 milljón einingar og kallast hver þessara smærri eininga Satoshi. Þó að hugtakið rafeyrir hljómi framandlega, þá er þetta þó sáraeinfalt fyrir hinn almenna notanda. Hann fær sér svokallað rafveski, hvort sem það er varðveitt sem smáforrit fyrir síma (símaapp) eða tölvuforrit og geymir „peningana“ sína í því. Það eina sem eignandinn þarf að passa er aðgangslýkillinn að veskinu sínu, því glattist hann þá tapar hann einnig inneigninni sem er í veskinu. Rafeyririnn sem slíkur verður þó áfram til í „rafheimum“.

Meðal atriða sem gestum fundarins lék forvitni á að fá svör við var t.d. hverjir hafi heimild til að framleiða Bitcoin. Í máli Sveins og Jóns kom fram að hver sem er megi framleiða Bitcoin, en til þess þarf hins vegar öflugar tölvur og mikið rafmagn. Til að framleiða Bitcoin þarf að endurreikna ákveðna jöfnu mjög oft þar til að jafnan er endanlega leyst og til verður lykilmæsla í ákveðinni skrá sem heldur utan um alla Bitcoina sem hafa verið búnir til og viðskiptasögu þeirra. Þessi vinnsla gengur undir nafninu „mining“, eða námugröftur og er m.a. stunduð í stórum stíl í þeim gagnaverum sem sett hafa verið upp á Reykjanesi. Þó leyfilegt virðist að framleiða þennan rafeyri hér innan lands, þá eru viðskipti með Bitcoin bönnuð á Íslandi og skipar Ísland sér þannig á bekk með örfáum löndum eins og Kyrgyzstan og Ecuador. Flest ríki leyfa notkun þessa rafeyris þó það sé í ýmsum birtingamyndum en þetta fyrirbæri er svo nýtt að menn óttast að erfitt sé að skattleggja tekjur og viðskipti með svo óáþreifanlega hluti. Bretar hafa hins vegar gengið lengst í að viðurkenna Bitcoin og láta þeir sömu lög gilda um skattalega meðferð rafeyrisins og gildir um gull. Í dag er framtíð þessa rafeyris nokkuð óljós og hefur verið á honum sveiflast mjög mikið, en að mati fyrirlesara þótti þeim líklegast að Bitcoin yrði einn af ráðandi gjaldmiðlunum ef notkun slíks rafeyris yrði almenn.

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Heimasíða félagsins er:

www.fie.is

**Ábyrgðarmaður:**

Kristín Kalmansdóttir

Netfang: fie@fie.is

Fræðslunefnd FIE

Viðar Kárason, formaður

Sonja B. Jakobsdóttir

Ingiigerður S. Logadóttir

Jóhanna María Einarsdóttir

Pétur S. Hilmarrson